

LungA-skólinn ses.

Ársreikningur 2022

LungA-skólinn ses.
Hafnargötu 28
710 Seyðisfjörður

Kt. 660213-1200

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Yfirlit um sjóðstreymi	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

LungA-skólinn ses. er sjálfseignarstofnun og er tilgangur hans að stuðla að skapandi og listrænni menntun skv. 2. grein skipulagsskrár.

Átta starfsmenn störfuðu hjá skólanum í 3 stöðugildum á árinu og námu launagreiðslur 17,2 millj. kr. Auk þess voru greidd launatengd gjöld að fjárhæð 3,4 millj. kr.

Tap varð af rekstri skólans að fjárhæð 6,7 millj. kr. á árinu samkvæmt rekstrarreikningi, vísað er til ársreikningsins um jöfnun taps og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum. Eigið fé samkvæmt efnahagsreikningi í árslok var jákvætt að fjárhæð 8,3 millj. kr.

Stofnfé LungA-skólans var innborgað af stofnaðilum og skiptist þannig:

Björt Sigfinnsdóttir	50%
Jonatan S. Jenssen	50%

Stjórn og framkvæmdastjóri LungA-skólans ses. staðfesta hér með ársreikning stofnunarinnar fyrir árið 2022 með undirritun sinni.

Seyðisfirði, / 2023

Í stjórn:

Framkvæmdastjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og stofnenda LungA-skólans ses.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning LungA-skólans fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2022 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar í ársskýrslu

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru ársskýrsla að undanskildum ársreikningi og áritun okkar á hann. Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til annarra upplýsinga og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningnum ber okkur að lesa aðrar upplýsingar í ársskýrslu þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða aðra þekkingu sem við höfum aflað okkur við endurskoðunina eða virðast verulega rangar. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekkert að upplýsa hvað þetta varðar.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Egilsstaðir, / 2023

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur ársins 2022

	Skýr.	2022	2021
Rekstrartekjur:			
Skólagjöld		18.617.247	17.353.773
Styrkir og framlög		39.965.768	37.023.190
Aðrar tekjur		2.950.000	3.842.532
		61.533.015	58.219.495
Rekstrargjöld:			
Laun og launatengd gjöld	2	20.692.283	20.029.622
Kostnaðarverð seldrar þjónustu		10.700.538	10.718.267
Sölu og stjórnunarkostnaður		8.641.141	5.831.886
Annar rekstrarkostnaður		27.007.325	23.573.447
Afskriftir	3	785.058	530.058
		67.826.345	60.683.280
Rekstrartap án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		(6.293.330)	(2.463.785)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		67.457	3.504
Vaxtagjöld		(367.436)	(263.071)
Gengismunur		(64.466)	(88.449)
		(364.445)	(348.016)
Rekstrarniðurstaða ársins	5	(6.657.775)	(2.811.801)

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr.	2022	2021
Eignir			
Fasteign.....		14.099.726	14.584.784
Bifreiðar.....		1.575.000	275.000
Áhöld og tæki.....		62.537	62.537
Fastafjármunir	3	<u>15.737.263</u>	<u>14.922.321</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur.....	4	5.419.429	8.179.081
Handbært fé.....	1e	9.270.041	4.058.832
Veltufjármunir		<u>14.689.470</u>	<u>12.237.913</u>
Eignir samtals		<u><u>30.426.733</u></u>	<u><u>27.160.234</u></u>
Eigið fé			
Stofnfé		1.000.000	1.000.000
Óráðstafað eigið fé		7.256.216	13.913.991
Eigið fé	5	<u>8.256.216</u>	<u>14.913.991</u>
Langtímaskuldir			
Skuldir við lánastofnanir	6	<u>2.295.449</u>	<u>2.411.185</u>
Skammtímaskuldir			
Næsta árs afborganir langtímaskulda	6	115.737	115.737
Viðskiptaskuldir		11.622.680	2.740.274
Fyrirframinnheimtar tekjur		7.353.868	4.177.579
Aðrar skammtímaskuldir		782.783	2.801.468
Skammtímaskuldir		<u>19.875.068</u>	<u>9.835.058</u>
Skuldir samtals		<u>22.170.517</u>	<u>12.246.243</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>30.426.733</u></u>	<u><u>27.160.234</u></u>

Yfirlit um sjóðstreymi árið 2022

	Skýr.	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarniðurstaða ársins	5	(6.657.775)	(2.811.801)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir		785.058	530.058
Veltufé til rekstrar		(5.872.717)	(2.281.743)
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)		2.759.652	(4.314.314)
Skammtímaskuldir, hækkun		10.040.010	5.684.919
Breytingar rekstartengdra eigna og skulda		12.799.662	1.370.605
Handbært fé frá (til) rekstrar		6.926.945	(911.138)
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting ársins	3	(1.600.000)	0
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborgun langtímalána		(115.736)	(115.737)
	5	(115.736)	(115.737)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		5.211.209	(1.026.875)
Handbært fé í ársbyrjun		4.058.832	5.085.707
Handbært fé í árslok		9.270.041	4.058.832

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

a. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

b. Innlausn tekna

Tekjur vegna framlaga eru færðar í rekstrarreikning í samræmi við samning stofnunarinnar við ríki, sveitarfélög og aðra aðila og samþykktar fjárveitingar. Tekjur af skólagjöldum og sölu á vörum og þjónustu eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

c. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

d. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádragnum afskriftum og virðisryrnun. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteignir	40 ár
Bifreið	5 ár
Áhöld og tæki	5 ár

e. Handbært fé

Bankainnstæður teljast til handbærs fjár

2. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2022	2021
Laun	17.244.058	16.768.737
Lífeyrissjóðsgjöld	1.954.143	1.855.859
Tryggingargjald	1.219.076	1.136.120
Sjúkra- og orlofssjóðsgjöld	275.006	268.906
	<u>20.692.283</u>	<u>20.029.622</u>

Á árinu störfuðu 8 starfsmenn í 3 stöðugildum (2021: 7 starfsmenn í 2,9 stöðugildi). Laun til framkvæmdastjóra á árinu 4,9 millj. kr.

3. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Fasteign	Bifreið	Áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð 1.1.2022	16.168.592	950.000	625.383	17.743.975
Fjárfesting ársins	0	1.600.000	0	1.600.000
Heildarverð 31.12.2022	<u>16.168.592</u>	<u>2.550.000</u>	<u>625.383</u>	<u>19.343.975</u>
Afskrifað 1.1.2022	1.583.808	675.000	562.846	2.821.654
Afskrifað á árinu	485.058	300.000	0	785.058
Afskrifað 31.12.2022	<u>2.068.866</u>	<u>975.000</u>	<u>562.846</u>	<u>3.606.712</u>
Bókfært verð 31.12.2022	<u>14.099.726</u>	<u>1.575.000</u>	<u>62.537</u>	<u>15.737.263</u>
Afskriftarhlutfall	3%	20%	20%	

Skýringar, frh.:

3. Varanlegir rekstrarfjármunir frh.

Fasteignamat fasteignarinnar nam 52,5 millj. kr. og þar af lóðarmat 6,3 millj. kr. í árslok 2022. Á sama tíma nam brunabótamat fasteignarinnar 224,6 millj. kr.

Veðsetningar og ábyrgðir

Fasteign stofnunarinnar að Strandarvegi 13, 710 Seyðisfirði, fnr. 216-8784 er veðsett með tryggingabréfi vegna skuldar við Arion banka sem er að eftirstöðvum 2,4 millj. kr. í árslok.

4. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapsáhættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

5. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2022	1.000.000	13.913.991	14.913.991
Rekstrniðurstaða ársins		(6.657.775)	(6.657.775)
Eigið fé 31.12.2022	1.000.000	7.256.216	8.256.216

6. Langtímaskuldir

Yfirlit um langtímaskuldir :

Skuldir í íslenskum krónum :

Óverðtryggt lán, vextir 9,09% á gjalddögum til 2043	2.411.186
Næsta árs afborganir	(115.737)
Langtímaskuldir í efnahagsreikningi	2.295.449

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig næstu ár :

Árið 2023	115.737
Árið 2024	115.737
Árið 2025	115.737
Árið 2026	115.737
Árið 2027	115.737
Síðar	1.832.501
	2.411.186

7. Skattamál

Samkvæmt samþykktum skólans má einungis ráðstafa hagnaði og eigum stofnunarinnar til almannaheilla og er óheimilt að taka hagnað eða arð út úr stofnuninni. Stofnunin er því undanþegin tekjuskatti, sbr. 4. tölul. 4. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.

Önnur opinber gjöld vegna rekstrarársins hafa verið reiknuð og færð í ársreikninginn og greinast þannig:

Tryggingagjald	1.219.076
----------------------	-----------

8. Önnur mál

Greining og hönnun á nýju skólahúsnæði hófst á árinu 2022 og í tengslum við þá vinnu fékk skólinn styrk úr Hvatasjóði. Styrkfjárhæð nam 10 millj. kr. en kostnaður við greiningu og hönnun nam 10,2 millj. kr. á árinu 2022. Í rekstrarreikning kemur styrkurinn til lækkunar á öðrum rekstrarkostnaði.